



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



## STÖÐUSKÝRSLA FRÁ SAMHÆFINGARSTÖÐINNI

Dags: 22.09.2014

kl.16:00

Varðar: Eldgos í Holuhrauni, norðan Vatnajökuls

### Megin atriði

- Áfram hraungos í Holuhrauni
- Sig í Bárðarbungu heldur áfram
- Þrjár sviðsmyndir líklegar
- Kostnaðargreining

### Eldgosið og jarðskjálftavirkni:

#### Frá vísindamannaráðsfundi í morgun:

**Gosvirkni:** Eldgosið í Holuhrauni heldur áfram með sama hætti og síðustu daga. Engin merki sjást um að eldgosíð sé í rénun. Ekkert hefur dregið úr framleiðslu hrauns. Hraunbreiðan er nú rúmí 37 ferkílómetrar. Nýjar mælingar á þykkt hraunsins sýna að heildar rúmmál hraunsins er 0,4-0,6 rúmkílómetrar og kvikuf læði 250-350 rúmmetrar á sekúndu.

**Sig Bárðarbunga:** Sig öskju Bárðarbungu heldur áfram á svipuðum hraða og verið hefur.

**Jarðskjálftar:** Áfram mælast stórir skjálftar við Bárðarbunguöskjuna, en þar hafa mælst 12 jarðskjálftar stærri en M3,0 frá síðasta fundi Vísindamannaráðs í gærmorgun. Sá stærsti mældist M5,5 kl 10:51 í gær og er hann næst stærsti skjálftinn frá því hrinan hófst þann 16. ágúst síðastliðinn. Smærri skjálftar mælast enn við norðurhluta berggangsins og við gosstöðvarnar. Skjálftar af stærð upp að M4 hafa mælst undir norðnorðvestur hlíð Bárðarbungu síðan á laugardag.

**Vatnafar:** Engar breytingar sjást á vatnamælum sem ekki er hægt að skýra með veðurfarsbreytingum.

### Loftgæði

- Með morgninum mun vindur á gosstöðvunum væntanlega snúast tímabundið í vestanátt og berst þá gasmengunin til austurs. Uppúr hádegi má búast við suðvestanátt og að mengunin berist til norðausturs. Mengunar gæti því orðið vart á svæði frá Þistilfirði í norðri og suður á Austfirði. Á morgun (þriðjudag) er útlit fyrir vestlæga átt og má þá búast við að gasíð berist til austurs yfir Hérað og Austfirði. Spána má sjá á [www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/](http://www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/) Einnig má sjá gagnvirkt kort af gasdreifingu á síðunni [www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing](http://www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing)
- Veðurstofan hefur opnað nýtt vefsvæði á vefsíðu sinni þar sem almenningur getur skráð inn hvort vart hafi verið við brennisteinsmengun. Síðan heitir [Skrá mengun](#) og er á forsiðu vefs Veðurstofunnar.

### Varúðarráðstafanir:

- Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni [www.loftgæði.is](http://www.loftgæði.is) Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
- Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. [www.ust.is](http://www.ust.is) og [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)
- Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvöldis á vefnum [www.vedur.is](http://www.vedur.is) en þær eru einnig lesnar með veðurfregnum. Einnig verður leitast við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.
- Umhverfisstofnun kannar möguleika á því að fá fleiri mæla til landsins svo betur megi fylgjast með gosmengun frá eldgosinu.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið [gos@ust.is](mailto:gos@ust.is). Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur lent í háum styrk; hvar



# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Það var stutt, tímasetningu, lýsingum á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingum á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).

Litakóði fyrir flug er appelsínugulur fyrir Bárðarbungu. Unnið er á Hættustigi almannavarna.

## Hættumat

Þrjú möguleikar eru taldir líklegastir um framvindu:

- Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
- Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum.
- Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.

**Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.**

Enn er hættu á flóði og byggir það hættumat á því að enn getur gosið undir Vatnajökli.

## Kostnaðargreining

Í samræmi við alþjóðlega þróun í starfi almannavarna, var strax í upphafi aðgerða farið að vinna með fjármál, safna upplýsingum um kostnað og gera áætlanir með ýmsum stofnunum, opinberum aðilum og fyrirtækjum. Gera þarf samninga um útgjöld og mikilvægt að gera það eins snemma í ferlinu og nokkur kostur er. Á síðasta ári var farið að vinna slíka vinnu með fjármál í æfingum á atburðum líkum þeim sem nú eiga sér stað í Bárðarbungu. Nú eru þessir verkferlar að byrja að taka á sig mynd við raunverulegar aðstæður. Starfsmaður vinnur í Samhæfingarstöðinni vegna þessa og er hluti af útkallshópi stöðvarinnar.

## Samhæfing aðgerða

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð er að störfum og samhæfir aðgerðir og upplýsingagjöf. Á hverjum morgni eru haldnir fundir í vísindamannaráði almannavarna þar sem farið er yfir nýjustu mælingar vísindamanna og staðan metin. Stöðufundur var í dag um áhrif loftmengunar á heilsu, viðbúnað og viðbrögð með almannavarnayfirvöldum á Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Hvolsvelli og Selfossi. Í Samhæfingarstöðinni hafa verið veitt tímabundin leyfi inn á lokaða svæðið fyrir vísindamenn og fjölmiðla með ákveðnum skilyrðum. Þá hafa almannavarnanefndir komið saman og farið yfir framvinduna. Fundað hefur verið með erlendum sendiráðum á Íslandi, Vatnajökulspjóðgarði og fleiri

## Ferðabjónustan

Flestir helstu vegir á Íslandi eru opnir og þar með talið þjóðvegur 1. Enn er svæðið á hálendinu norðan Vatnajökuls lokað og hluti Dettifossvegar vestan Jökulsár á Fjöllum (nr. 862) þar sem það telst ekki vera öruggt eins og staðan er í dag [www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf](http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf). Allir flugvellir eru opnir. Upplýsingar til ferðamanna er hægt að nálgast á vefnum [www.safetravel.is](http://www.safetravel.is) og upplýsingaskjái safetravel víða um land eru reglulega uppfærðir. Hægt er að fylgjast með eldgosinu á vefmyndavélum Mílu, [www.livefromiceland.is](http://www.livefromiceland.is)

## Upplýsingar.:

Fjölmiðlateymi er að störfum í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð og veitir upplýsingar og sinnir fjölmiðlum. Netfang fjölmiðlateymisins er [info@sst.is](mailto:info@sst.is) Símanúmerið er: 570-2644/43.

**Vefsíða vegna Bárðarbungu og jarðhræringanna norðan Vatnajökuls** [www.avd.is](http://www.avd.is)

**Twitter:** [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)

**Facebook:** <https://www.facebook.com/Almannavarnir>